

27. maí.

251

Nr. 135.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Tryggingastofnunar ríkisins, um daggjald opinberra sjúkrahúsa og stundunargjald þeirra vegna utanhéraðssjúklinga.

Samkvæmt ósk Tryggingastofnunar ríkisins í bréfi dags. 27. febrúar s. l. og að fengnum tillögum landlæknis, dags. 5. þ. m., tekur ráðuneytið hér með fram, að það staðfestir hér með, samkvæmt heimild í 3. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 40 30. apríl 1963, að daggjald það, sem ríkisframbærslan greiðir opinberum sjúkrahúsum sem daggjald fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu fyrir aðra en utanhéraðsmenn, sé hið opinbera daggjald fyrir aðra en utanhéraðsmenn fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu og sé það full greiðsla fyrir sjúkrahúsvistina, lyf og þjónustu alla, þar með talin læknishjálp, og ákveður jafnframt, að hinum sömu sjúkrahúsum sé auk þess rétt að taka af utanhéraðssjúklingum stundunargjald, sem sé 30% af daggjaldinu og greiðist fyrir fyrstu 30 daga sjúkrahúslegunnar. Sé það einnig full greiðsla bæði fyrir sjúkrahúsvist, lyf og þjónustu alla, þar með taldar aðgerðir og önnur læknishjálp.

Fyrir utanhéraðssjúklinga, sem dvelja á sérstökum opinberum hjúkrunarspítölum, greiðist engin aukagreiðsla.

9. júní.

Nr. 136.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Elínar Briem, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Elínar Briem.

1. gr.

Verðlaunasjóður Elínar Briem er stofnaður af Guðmundi Jónssyni, garðyrkju-
manni, Blönduósi, með kr. 2000.00 framlagi við skólaslit Húsmæðraskólans á
Blönduósi vorið 1962.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá námsmey eða námsmeyjar við Húsmæðra-
skólann á Blönduósi, sem fá hæstu einkunn í háttvísi við húsmæðraskólann ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn skal varðveitast í Sparisjóði Húnavatnssýslu, Blönduósi, eða annarri tryggri peningastofnun. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða og leggja skal ávallt $\frac{1}{4}$ vaxta við höfðustólinn árlega.

4. gr.

Árlega skal varið $\frac{3}{4}$ ársvaxta til verðlauna. Verði verðlaun ekki veitt úr sjóðnum, skulu allir ársvextir það ár leggjast við höfuðstól.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sýslumaður Húnavatnssýslu, oddviti Blönduóshrepps og elzta kona að árum, sem setu á í skólaráði.

6. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók, þar sem greindar eru gerðir hennar og einnig ber að færa þar reikninga sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Húsmæðraskólans á Blönduósi.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að efla sjóðinn eftir föngum.

8. gr.

Verði stjórn sjóðsins sammála um að breyta þurfi skipulagsskrá hans, þá getur hún gert það, enda verði breytingin samþykkt af skólaráði húsmæðraskólans, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og staðfest af ráðherra.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Dagssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðmundar Dagssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar Dagssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af vinum og samsjúklingum Guðmundar Dagssonar fyrir forgöngu stjórnar félagsins Sjálfsvörn, Kristneshæli.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur. —

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Sjálfsvarnar, Kristneshæli, er ávaxtar hann eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma og annast bókhald hans og alla umsjón. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Sjálfsbjargar.